

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 – 1989

9. janúar 1989

1

Nr. 1

L Ö G

um heimild til að hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. bráðabirgðalaga nr. 83/1988, um efnahagsaðgerðir, sbr. 7. gr. bráðabirgðalaga nr. 14/1988, er fjármálaráðherra heimilt að hækka útsöluverð á áfengi og tóbaki.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 9. janúar 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

Stjórnartíðindi A 1, nr. 1. Útgáfudagur 9. janúar 1989.